

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

b.t. Páll Guðjónsson

Hamraborg 9

200 Kópavogur

Gufunesi 12.08.2011

VARÐAR: UMSÖGN UM „SORPHIRÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU- SAMEIGINLEG SÝN Á FRAMTÍÐ FLOKKUNAR SORPS OG SORPHIRÐUMÁLA“

Eftirfarandi er umsögn um ofangreint málefni sem SSH sendi undirrituðum. Tillagan er dagsett 21. júní 2011.

Umsögn

Það er mikið fagnaðarefni ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu koma sér upp sameiginlegri stefnu í flokkun og söfnun úrgangs hér á höfuðborgarsvæðinu. Þannig má tryggja hámarks árangur en jafnframt um leið lágmarks kostnað sveitarfélaganna. Ýmislegt ber þó að varast í tæknilegum útfærslu og verður vikið að því hér á eftir. Það er síðan sérstakt ánægjuefni ef sveitarfélögin setja fram sameiginlega stefnu í „jarðvegstipp-málum“ en hálfgerð ófremdarástand hefur ríkt í þeim málum til skamms tíma.

Liður 1.

S.k. blátunnvæðing eins og lögð er til í þessu skjali er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og framtíðarsýn stjórnar SORPU. Með blátunnvæðingu allra heimila hafa allir jafnt tækifæri til að flokka. Fullyrða má að engin önnur aðgerð mun skila jafn miklum árangri miðað við kostnað, í að draga úr urðun lífræns úrgangs eins og sú að blátunnvæða heimilin. SORPA hefur einnig sýnt fram á að slík aðgerð mun, til lengri tíma litið spara sveitarfélögunum útgjöld. SORPA er þegar tilbúin að taka við því efni sem safnast í blátunnu (blanda af dagblöðum, tímaritum, sléttum pappa, fernum og bylgjupappa). Meðhöndlunarleið og endanleg ráðstöfun hefur verið þekkt um nokkurn tíma auk þess sem blátunnvæðing setur engar sérstakar hömlur á næstu skref.

Hvað varðar þau skref sem tiltekin eru í lið b. um frekari flokkun, sérstaklega á plasti og/eða lífrænum úrgangi þá fellur sú hugmynd líka ágætlega að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem og framtíðarsýn SORPU. Hins vegar vill undirritaður vara við því að tilgreina á þessu stigi hina tæknilegu útfærslu („...með sérílati í þær tvær tunnur sem fyrir eru“). Liggja verður fyrir áður en slíkt er ákveðið hver hinn endanlegi farvegur á að vera. Það er úrvinnsluaðferðin sem ákveður og segir fyrir um flokkun og söfnun - þannig má komast hjá kostnaðarsömum mistökum. Vera má að sú aðferð að koma upp blátunnu sé eina tunnsvæðingin sem þarf.

Liður c. Er eðlilegt framhald af lið a og skiptir ekki máli fyrir móttökuaðilan.

Liður d. Á þessu stigi telur undirritaður ekki tímabært að slá grenndargámakerfið af. Vera má að grenndargámar undir gler eða jafnvel plast uppfylli að endingu þau markmið um flokkun sem stefnt er að og sé ódýrara en aðrar aðferðir við flokkun. Hingað til hefur þessi aðferð við að safna endurvinnanlegum úrgangi sýnt sig að vera ódýrasta aðferðin fyrir sveitarfélögin. Rétt er að skoða þetta frekar.

Liður 2.

Það er bráð nauðsyn að öll kynning á breyttu kerfi sé sameiginleg og vaknar þá spurningin hvort hluti kynningarinnar eigi ekki að vera sameiginleg og þá á hendi eins aðila. Vel má hugsa sér að SORPA bs taki að sér kynningu á hvernig á að flokka í mismunandi tunnur, en sveitarfélögin frekar kynningu á fyrirkomulagi söfnunar. Í öllu falli þarf kynningin að vera einhlýtt, skýr og einföld (að talað sé einum rómi).

Liður 3.

Eins og áður segir er mikið fagnaðarefni ef tekst að koma góðu skikki á jarðvegstippamál hér á höfuðborgarsvæðinu og er þetta reyndar nefnt sem eitt af forgangsverkefnum hér á höfuðborgarsvæðinu í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Vel má hugsa sér að eitthvað af slíkri starfsemi fari fram í Álfsnesi og er SORPA tilbúin til að skoða slík með opnum huga

Liður 4

Heilshugar er tekið undir þetta sjónarmið. Með slíku kerfi má einfalda úrvinnslu úrgangs en gler er eitt af þeim efnum sem mjög erfitt er að fást við í úrgangsstraumnum

Liður 5

Sameiginlegt útboð mun örugglega spara sveitarfélögunum fjármuni

Virðingarfyllt,

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri